

## Umhverfis- og samgöngunefnd

### Alþingi

101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: [nefnasvid@nefnasvid](mailto:nefnasvid@nefnasvid)

Reykjavík, 12. feb. 2024

### Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til styrkingar á réttarúrræðum vegna umhverfismála og réttinum til heilnæms umhverfis.

Árósasamningurinn er mikilvægur í umhverfisréttinum og því fagnar Landvernd öllum skrefum í þá átt sem eru til þess fallinn að styrkja stöðu þessa samnings og áframhald á innleiðingu hans.

### Kafli II. Breyting á lögum um félög til almannaheilla.

Landvernd tekur sérstaklega undir mikilvægi þess að styrkja stærri almanna og félagasamtök fyrir dómstólum.

### Greinargerð

Landvernd tekur undir sem fram kemur í greinargerð

*"Hér á landi hefur borið á því að aðgangur félagasamtaka, einstaklinga og fræðimanna að réttarúrræðum vegna málefna sem varða umhverfið sé of takmarkaður en megininntak samningsins er að tryggja réttláta málsmeðferð í umhverfismálum með bættu aðgengi að upplýsingum og með aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku. Rétturinn til heilnæms umhverfis er undirstrikaður í upphafsorðum Árósasamningsins þar sem ofin eru saman mannréttindi. Með samningnum er viðurkennt að sérhver manneskja eigi rétt til þess að búa í heilnæmu umhverfi sem mæti þörf hennar fyrir heilsu og velferð. Þá beri mannum skylda, einum og í samstarfi við aðra, að vernda og hlúa að umhverfinu fyrir núverandi og komandi kynslóðir."*

Landvernd óskar vinsamlega eftir því að skoðað verði á þessum vettvangi að samræma lýðræðislega aðkomu almennings og félagasamtaka að umsögnum við þau mörgu og stóru mál sem stjórnvöld eru að leggja fram á hverjum tíma. Má þar nefna að umsagnarfrestir við frumvörp frá ráðuneytum hér á landi virðast miklu þrengri en gerist og gengur meðal nágrannalanda.

*Með vinsemd og virðingu  
Fyrir hönd stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir*